



Alþingi
Erindi nr. P 127/579
komudagur 9.01.2002
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/5

Alþingi,
heilbrigðis- og trygginganefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
108 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664


7. janúar 2002

Efni: **Þingsályktunartillaga um rannsóknir á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann, 46. mál.**

Með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 5. desember sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (S.Í.T.) um ofangreint þingmál. Í tillögnum felst í hnotskurn, að heilbrigðisráðherra verði falið að standa fyrir faraldsfræðilegri rannsókn á áhrifum háspennulína, spennistöðva og fjarskiptamastra, sérstaklega með tilliti til nýgengis á krabbameini. Skuli rannsóknin unnin á næstu tíu árum og niðurstöðum skilað fyrir 1. október 2011. Af þessu tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Alllengi hefur verið um það deilt, hvort rafsegulsvið geti haft skaðleg áhrif á heilsu manna, og er sú deila enn óútkljáð. Mannvirki, þar sem rafsegulsviðs er að vænta, eru allmörg hér á landi. Á það má því fallast, að rannsókn þessi geti varðað landsmenn miklu. Eigi rannsóknin að rísa undir nafni hlýtur hún þó að verða í senn viðamikil og nokkuð kostnaðarsöm.
2. Í tillögnum er gert ráð fyrir, að rannsóknin skuli afdráttarlaust standa í 10 ár, hvorki lengur né skemur. Engin skýring er þó gefin á þeirri timalengd. Þá er hvorki í tillögnum sjálfri né í greinargerð með henni vikið að því, hvernig í grófum dráttum skuli staðið að rannsókninni, hver sé áætlaður kostnaður við hana og loks er nánast ekkert fjallað um það, hver eða hverjir skuli annast rannsóknina. Eðlilegra væri að þingsályktunartillögnum yrði breytt á þann veg, að fela heilbrigðisráðherra (og jafnvel umhverfisráðherra!!) að hlutast til um að vinna rannsóknar- og kostnaðaráætlun vegna þessa verkefnis, og standa Alþingi skil á þeirri áætlun sem fyrst, t.d. í vor eða haust. Alþingi taki síðan afstöðu til verkefnisins á hefðbundinn hátt, þ.m.t. varðandi fjárveitingar til þess. Að endingu skal á það bent, að æskilegt er, að við rannsókn sem þessa sé leitað samstarfs við stjórnvöld og vísindamenn í öðrum ríkjum, t.d. innan Evrópusambandsins. Slíkt skyti styrkari stoðum bæði undir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og niðurstöðurnar.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson